



**Samfélagsskýrsla  
IKEA á Íslandi  
2020**



## Samfélagsábyrgð IKEA hérlendis og erlendis



Undir merki IKEA eru rúmlega 440 verslanir starfræktar á 52 mörkuðum á heimsvísu. Á Íslandi hófst rekstur IKEA árið 1981 sem var fyrst um sinn lítil deild í verslun Hagkaupa. Það var svo árið 2006 sem verslunin flutti í núverandi húsnæði. Sjálfbærni og umhyggja fyrir umhverfinu hefur verið þáttur í hugmyndafræði IKEA allt frá stofnun fyrirtækisins. Þótt hlutirnir hafi ekki verið nefndir þeim nöfnum til að byrja með hafði stofnandi IKEA, Ingvar Kamprad, þessi gildi að leiðarljósi strax í upphafi. Árið 2012 kom út fyrsta formlega umhverfisstefna fyrir starfsemi IKEA á heimsvísu. Stefnan kallast **People & Planet Positive** og hún hefur verið uppfærð síðan. Í henni voru sett fram markmið sem mörgum hefur þegar verið náð og önnur ný komið í staðinn sem IKEA vinnur að alla daga um allan heim.

Umhverfismálin hafa því alltaf verið mikilvæg í starfsemi IKEA á Íslandi, en líkt og hjá öðrum fyrirtækjum hér á landi og í heiminum öllum, hefur sífellt meiri áhersla verið sett á samfélagsábyrgð undanfarinn áratug eða svo. IKEA á Íslandi var eitt fyrirtækjanna sem undirritaði loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu árið 2015 og hefur síðan þá mælt losun og fylgst með árangri í gegnum umhverfisstjórnunarkerfi Klappa. Í ár gefur IKEA á Íslandi út ESG samfélagskýrslu í fyrsta skipti.

# Stefnur IKEA á heimsvísu



## IWAY siðareglur birgja IKEA

IWAY siðareglurnar voru fyrst kynntar til sögunnar árið 2000. IWAY staðallinn skilgreinir til hvers við ætlumst af viðskipta-félögum okkar í virðiskeðju IKEA hvað varðar umhyggju fyrir fólki, umhverfinu og dýrum.

Staðlinum er skipt í almennan hluta og aukahluta og er byggður á 10 grunnreglum. Hver grunnregla er svo studd IWAY kröfum sem allir birgjar IKEA, en þeir eru rúmlega 9.500 talsins, þurfa að standast til að geta efnt til samstarfs við IKEA og viðhaldið því.

**IWAY**



## People & Planet Positive

Umhverfisstefna IKEA kom fyrst út árið 2012 og í henni voru tiltekin markmið sem flestum hafa verið náð, svo sem að nota eingöngu bómull af sjálfbærari uppruna, selja eingöngu LED lýsingu í IKEA, nota eingöngu pappír og við af vottuðum uppruna o.fl. Stefnan var uppfærð árið 2018 með nýjum markmiðum til ársins 2030. Stærsta markmið IKEA á heimsvísu er að starfsemin verði kolefnisjákvæð árið 2030.

**People & Planet Positive**

## IConduct siðareglur IKEA

IConduct siðareglunum er ætlað að tryggja að sérleyfishafar IKEA um allan heim hafi ákveðna og samræmda ferla yfir skilvirkar mælingar, skýrslugjöf og viðbragðsáætlanir vegna atburða eða annars sem gæti haft neikvæð áhrif á reksturinn og IKEA vörumerkið. Sérleyfishöfum IKEA er skylt að tilkynna varasöm atvik og viðhafa ákveðna krísustjórnun í samráði við Inter IKEA Systems B.V.

IConduct siðareglunum er skipt niður í sjö flokka og hver flokkur hefur ábyrgðarmannskju innan fyrirtækisins sem tryggir að unnið sé að því að uppfylla skilyrði hvers flokks fyrir sig. Flokkarnir eru fólk og samfélag, umhverfið, vörugæði og -öryggi, viðskiptasiðferði, meðhöndlun upplýsinga, heilsa og öryggi og viðskiptasambönd.

**IConduct**



# Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru ákall um aðgerðir í öllum löndum – ríkum og fátækum – um að auka velmegun og standa vörð um náttúruna á sama tíma. Þau eru aðgerðaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar.

**Við styðjum Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og í IKEA á Íslandi höfum við valið fimm heimsmarkmið sem tengjast okkar rekstri til að leggja áherslu á.**

3 HEILSA OG  
VELLIÐAN



### 3. Heilsa og vellíðan

Í daglegri starfsemi fyrirtækisins er starfsfólk hvatt til að lifa heilsusamlegum lífsstíl með fræðslu, næringu og styrkjum. Samstarf IKEA á Íslandi við Heilsumvernd felst meðal annars í árlegri heilsufarsmælingu og fræðslu. Á heimsvísu er heilsa og vellíðan ein grunnstoða umhverfisstefnunnar og stöðugt er leitað leiða til að færa sem flestum húsbúnað sem gerir heimilislífið heilsusamlegra.

5 JAFNRÉTTI  
KYNJANNA



### 5. Jafnrétti kynjanna og 10. Aukinn jöfnuður

IKEA var með fyrstu fyrirtækjum sem hlutu jafnlaunavottun VR árið 2013. Strax frá fyrstu vottun kom í ljós að afar lítil frávik voru til staðar varðandi laun fyrir sambærileg störf þrátt fyrir afar fjölbreytt störf innan fyrirtækisins. Vottunin hefur verið endurnýjuð reglulega síðan og alltaf komið vel út. IKEA á Íslandi er með virka viðbragðsáætlun gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, einelti og ofbeldi, og tekið er hart á slíkum brotum.

12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA



### 12. Ábyrg neysla og framleiðsla

IKEA er eitt þekktasta fyrirtæki í heimi á húsbúnaðarmarkaði og tengist hundruðum milljóna manns í gegnum starfsemi sína um allan heim. Í ljósi stærðar og útbreiðslu ber IKEA mikla ábyrgð, sem er líka tækifæri til að hafa jákvæð áhrif. Markmið IKEA er að gera sjálfbæra lifnaðarhætti raunhæfan kost fyrir marga en ekki lúxus fyrir fáa. Í því samhengi er vöruúrvalið í aðalhlutverki og nú flestar vörur IKEA hannaðar með sjálfbærni í huga og höfum við haft það að markmiði að upplýsa fólk um vörur sem hafa að geyma sjálfbærari eiginleika.

13 AÐGERÐIR Í  
LOFTSLAGSMÁLUM



### 13. Aðgerðir í loftslagsmálum

IKEA á Íslandi hefur mælt og fylgst með losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi fyrirtækisins síðan 2015 og gripið til aðgerða til að draga úr losun. Á árunum 2017 til 2019 kolefnisjafnaði IKEA alla losun fyrirtækisins í gegnum Kolvið og Votlendissjóð. Frá 2020 var ákveðið að kolefnisjafna allt nema flutning, bæði innan- og utanlands, og verja heldur meiri fjármunum í fyrirbyggjandi aðgerðir.



## Umhverfisstefna IKEA á Íslandi



IKEA á Íslandi fylgir umhverfisstefnu IKEA á heimsvísu og grípur á sama tíma til aðgerða á íslenskum markaði og er stefnan að vera í fremstu röð fyrirtækja þegar sjálfbærni er annars vegar. Með umhverfisstjórnunarhugbúnaði er fylgst með úrgangi, orku-, vatns- og eldsneytisnotkun.

IKEA er aðildafélag Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, og var eitt fyrirtækjanna sem undirritaði loftslags-samning Reykjavíkurborgar og Festu árið 2015. Umhverfisfulltrúi fyrirtækisins hefur haldið utan um loftslagsverkefni sem IKEA á Íslandi ræðst í og staðið fyrir fundum í umhverfishópi innan fyrirtækisins. Þá hefur IKEA lagt áherslu á upplýsingagjöf bæði til starfsfólks og viðskiptavina um sjálfbærari eiginleika og hráefni vara þegar það á við.

Margt hefur verið gert undanfarin ár og markmiðið er ávallt að gera betur. Á næstu þremur árum verður megin-áhersla lögð á þessi fjögur atriði:

**Draga úr heildarlosun**

**Draga úr matarsóun**

**Að eldsneytisnotkun aukist ekki á sama tíma og leitað verður leiða til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis**

**Bæta flokkun:**

- Flokkunarhlutfall í 90% viðskiptaárið 2023
- Endurvinnsluhlutfall í 75% viðskiptaárið 2023

## Samfélagsstefna IKEA á Íslandi

Í fyrsta skipti í ár gefur IKEA á Íslandi út samfélagskýrslu samhliða umhverfisskýrslu. Siðareglur IKEA á alþjóðavísu, IConduct og IWAY, tryggja annars vegar að sérleyfishafar hafi skýra og samræmda ferla yfir mælingar, skýrslugjöf og viðbragðsáætlanir og skilgreina hins vegar til hvers er ætlast af viðskiptafélögum í virðiskeðjunni. Þá hefur IKEA á Íslandi sett sér eigin siðareglur fyrir starfsfólk.

### Ýmislegt

- IKEA býður fría hleðslu fyrir rafbíla í 60 hleðslustöðvum við verslunina
- Viðskiptavinir geta fengið rafbíl gegn vægu gjaldi til að flytja vörurnar heim
- IKEA á um 160 m<sup>2</sup> af sólarcellum á þaki byggingar við verslunina – það er stærsta sólarorkuver landsins!
- IKEA veitir fjölda styrkja árlega, einkum til verkefna sem tengjast börnum





## Lykiltölur og útskýringar



- Heildarlosun dróst saman um 156,4 kolefnisígildistonn, eða **7,4%**.
- Vöruflutningar eru 1.603 kolefnisígildistonn af 1.962, eða **82%** af kolefnissporinu.
- Heildaorkunotkun jókst um **10%**. Munar þar mestu um aukningu á heitavatnsnotkun.
- Notkun á heitu vatni jókst um **22%**, sem skýrist að einhverju leyti af nýju húsnæði í Suðurhrauni 10 sem tekið var í notkun í maí 2019.
- Heildarmagn úrgangs dróst saman um 97.885 kg eða **9,3%**.
- Flokkunarhlutfallið er **81,5%** en var 82% FY19.
- Endurvinnsluhlutfallið er **69,2%** en var 66,4% FY19.
- Millilandafundir og námskeið hafa verið nokkuð algeng vegna alþjóðlegrar tengingar fyrirtækisins, en vegna heimsfaraldurs minnkaði losun vegna flugferða starfsfólks um 4,7 kolefnisígildistonn, eða **38%** frá FY19.
- Eldsneytisnotkun dróst saman um 6.339 lítra, eða **22,7%**. Dísilnotkun dróst mest saman af öllum eldsneytistegundum, eða um **26%**.



# **IKEA á Íslandi**

## **Umhverfisuppgjör**

**2020**

Miklartorg hf.  
Kauptún 4 210 Garðabær  
kt. 541293-2809

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun framkvæmdastjóra	3
Áritun vottunaraðila	4
Umfang og skipulagsmörk	5
Umhverfisuppgjör	6
Aðferðafræði og skýringar	10
Athugasemd	11



# Skýrsla og áritun framkvæmdastjóra

Umhverfissuppgjör IKEA á Íslandi, árið 2020, er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

IKEA notar stafræna tækni til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna og miðlun upplýsinga sem tengjast umhverfismálum.

Framkvæmdastjóri staðfestir hér með umhverfissuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. september, 2019 til 31. ágúst, 2020 með undirritun sinni.

Garðabæ, 25. janúar, 2021.

Stefán Rúnar Dagsson

Framkvæmdastjóri, Miklatorg hf.



# Áritun vottunaraðila

Vottunaraðili: Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson

Vinnsluaðili: Kristinn Logi Auðunsson

Gagnasérfræðingur: Höskuldur Þór Arason

Við höfum aðstoðað við gerð umhverfisuppgjors IKEA á Íslandi fyrir árið 2020. Uppgjörið byggir á þeim upplýsingum sem umhverfishugbúnaður félagsins, Klappir EnviroMaster, hefur safnað saman yfir árið.

Umhverfisuppgjórið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti IKEA. Við höfum skipulagt og hagað okkar vinnu í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq frá 2019 og meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar (**Relevance, Accuracy, Completeness, Consistency, Transparency**).

Klappir EnviroMaster safnar gögnum eins örugglega frá upprunastað gagna og núverandi tækni leyfir. Losun gróðurhúsalofttegunda er reiknuð í tCO<sub>2</sub>í og birt í umhverfisuppgjöri þessu.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að þau gögn IKEA og birgja þess sem birt eru í umhverfisuppgjöri þessu fyrir tímabilið 1. september, 2019 til 31. ágúst, 2020 hafa verið yfirfarin og metin eftir bestu vitund.

Reykjavík, 25. janúar, 2021.



Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson

Forstjóri Klappa grænna lausna hf.

# Umfang og skipulagsmörk

IKEA er leiðandi fyrirtæki í sölu húsbúnaðar á heimsvísu. IKEA var stofnað af Ingvari Kamprad árið 1943 í Svíþjóð og sýn fyrirtækisins hefur ávallt verið að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta. Ein styrkasta stoð reksturins er sú stefna að viðskiptavinurinn geri sinn hluta og þannig má hámarka virði og lágmarka kostnað. Umhverfismál og nýtni hafa verið hluti af menningu IKEA allt frá upphafi en formleg umhverfisstefna fyrirtækisins kom fyrst út árið 2012.

Í samstarfi við Klappir var kolefnisspor starfseminnar reiknað út á árinu og meðtalið í þá útreikninga eru orku-, eldsneytis- og vatnsnotkun, gámaflutningar á vörum til landsins, flug starfsfólks og vöruflutningar á landi.

Heimfaraldurinn vegna Covid 19 hefur haft talsverð áhrif á marga þætti innan starfsemi IKEA. Versluninni var lokað í sex vikur vorið 2020 og veitingastaður og kaffihús lengur. Þá hefur staða erlendra birgja verið afar erfið sem hefur áhrif á vöruúrvalið hér á landi sem og annars staðar. Árin 2017-2019 kolefnisjafnaði IKEA alla losun í gegnum Kolvið og Votlendissjóð. Frá 2020 var ákveðið að kolefnisjafna allt nema flutning, bæði innan- og utanlands, og verja heldur meiri fjármunum í fyrirbyggjandi aðgerðir.

## Skipulagsmörk (e. Organizational Boundaries)

Við gerð losunaruppgjors Ikea hefur „Operational Control“ aðferðafræðin, sem tekin eru úr The Greenhouse Gas Protocol, orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.

Þær rekstrareiningar sem falla undir uppgjör IKEA eru:

- Starfsemi IKEA á Íslandi.
- Höfuðstöðvar IKEA í Kaupúni 4, Garðabæ.
- Vöruafgreiðslur IKEA í Kaupúni 3 og Suðurhrauni 10.

## Rekstrarmörk (e. Operational Boundaries)

Innan rekstrarmarka IKEA er losun í umfangi 1 og umfangi 2 fyrir eftirfarandi rekstrareiningar: starfsemi IKEA á Íslandi, höfuðstöðvar og vöruafgreiðslur. Þeir þættir, sem taldir eru fram í umfangi 3 í uppgjöri IKEA, eru: úrgangslosun, vöruflutningar innan- og utanlands og flugferðir starfsmanna.

Uppgjörstímabil er frá 1. september til 31. ágúst.<sup>[1]</sup>

Viðmiðunarár IKEA er 2018.

Rekstrarbreytur	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Heildartekjur	m.ISK	11.680	12.400	12.490
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	333	320	343
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>2</sup>	22.600	30.600	30.600
Seld vara	m <sup>3</sup>	60.472	59.405	56.366
Árangursmælikvarðar	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Losunarkræfni seldrar vöru	kgCO <sub>2</sub> /m <sup>3</sup>	36,8	35,7	34,8

# Umhverfisuppgjör

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> i	21,4	70,5	51,7
Umfang 2 (landsnetið) <sup>[2]</sup>	tCO <sub>2</sub> i	83,5	92,9	103,1
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum) <sup>[3]</sup>	tCO <sub>2</sub> i	156,5	170,1	103,1
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> i	2.047,6	1.877,7	1.807,1
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO <sub>2</sub> i	2.225,5	2.118,3	1.961,9
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> i	1.977,0	1.977,0	359
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO <sub>2</sub> i	248,5	141,3	1.961,9

E1|UNGC: P7|GRI 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Losunarkræfni	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Losunarkræfni orku	kgCO <sub>2</sub> i/MWst	233,4	196,2	165,2
Losunarkræfni starfsmanna	tCO <sub>2</sub> i/stöðugildi	6,7	6,6	5,7
Losunarkræfni veltu	kgCO <sub>2</sub> i/m.ISK	190,5	170,8	157,1
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO <sub>2</sub> i/m <sup>2</sup>	98,5	69,2	64,1
Losunarkræfni seldrar vöru	kgCO <sub>2</sub> i/m <sup>3</sup>	36,8	35,7	34,8

E2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkunotkun	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Heildarorkunotkun	kWst	9.533.827	10.799.233	11.878.683
Þar af orka frá lífefnaeldsneyti	kWst	-	9.015	19.128
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	82.736	272.848	199.907
Þar af orka frá rafmagni	kWst	3.669.082	3.876.725	3.579.221
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	5.782.009	6.649.661	8.099.554
Bein orkunotkun	kWst	84.456	284.948	210.757
Óbein orkunotkun	kWst	9.449.371	10.514.285	11.667.926

E3|UNGC: P7, P8|GRI 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Orkukræfni	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	28.630	33.748	34.632
Orkukræfni veltu	kWst/m.ISK	816,3	870,9	951,1
Orkukræfni á fermetra	kWst/m <sup>2</sup>	421,9	352,9	388,2
Orkukræfni seldrar vöru	kWst/m <sup>3</sup>	157,7	181,8	210,7

E4|UNGC: P7, P8|GRI 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Samsetning orku	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Jarðefnaeldsneyti	%	0,9%	2,5%	1,7%
Endurnýjanleg orka	%	99,1%	97,6%	98,5%

E5|GRI 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

Vatnsnotkun	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Samtals vatnsnotkun	m <sup>3</sup>	128.258	154.005	179.122
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	28.568	39.356	39.475
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	99.690	114.649	139.647

E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

Umhverfisstarfsemi	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Fylgir fyrirtækið formlægri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei

E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

Loftslagsyfirsýn / stjórn	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Hefur stjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-	-

E8|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Rm.ISK Management|TCFD: Governance (Disclosure A)

Loftslagsyfirsýn / stjórnendur	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Já	Já	Já

E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Rm.ISK Management|TCFD: Governance (Disclosure B)

Loftslagsyfirsýn / stjórnendur	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Árleg heildarfjárfesting í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	m.ISK	-	-	-

E10|UNGC: P9|SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience|TCFD: Strategy (Disclosure A)

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Samtals úrgangur	kg	1.056.492	1.056.939	959.054
Þar af flokkaður úrgangur	kg	842.412	866.231	781.440
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	214.080	190.708	177.614
Endurunnið / endurheimt	kg	-	701.692	664.014
Urðun / förgun	kg	-	355.246	295.040
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	79,7%	82,0%	81,5%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	-	66,4%	69,2%

Úrgangskræfni	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	3.172,6	3.302,9	2.796,1
Úrgangskræfni veltu	kg/m.ISK	90,5	85,2	76,8
Úrgangskræfni seldrar vöru	kg/m <sup>3</sup>	17,5	17,8	17,0

Viðskiptaferðir	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Losun vegna viðskiptaferða	tCO <sub>2</sub> i	15,7	12,3	7,6
Flug	tCO <sub>2</sub> i	15,7	12,3	7,6

Flutningur á vörum og þjónustu	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Heildarlosun vegna flutninga á vöru og þjónustu	tCO <sub>2</sub> i	1.784,8	1.618,	1.603,6
Losun vegna sjóflutninga	tCO <sub>2</sub> i	1.518,7	1.366,6	1.364,2
Losun vegna flutninga á vegum	tCO <sub>2</sub> i	266,1	251,5	239,3

Helstu orkugjafar	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	8.207	27.924	21.585
Metan	lítrar	-	822	1.745
Bensín	lítrar	140	871	468
Dísilolía	lítrar	8.066	26.231	19.373
Samtals eldsneytisnotkun bifreiða í kg	kg	6.962	23.546	18.083
Metan	kg	-	596	1.265
Bensín	kg	105	653	351
Dísilolía	kg	6.856	22.296	16.467

Mótvægisáðgerðir	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> i	1.977	1.977	359
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO <sub>2</sub> i	1.092	1.092	359
Mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis	tCO <sub>2</sub> i	885	885	-

Eignastýring	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Fjöldi bygginga	fjöldi	3	3	3
Vöruhús	fjöldi	2	2	2
Verslunarhúsnæði	fjöldi	1	1	1
Fjöldi ökutækja og tækja	fjöldi	11	19	20
Bensín / dísel	fjöldi	11	11	12
Rafknúin farartæki	fjöldi	-	5	5
Aðrir eldsneytisgjafar (blendingar, metan, vetni o.s.frv.)	fjöldi	-	3	3

Kolefnisgjöld	Einingar	FY2018	FY2019	FY2020
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	m.ISK/lítra	9,5	10,4	11,5
Kolefnisgjald, bensín	m.ISK/lítra	8,3	9,1	10,
Kolefnisgjald, eldsneyti	m.ISK/kg	11,7	12,8	14,1
Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv.	m.ISK/kg	10,4	11,4	12,6
Samtals kolefnisgjald (ESR)	m.ISK	77.383,1	280.726,4	226.496,8

# Aðferðafræði og skýringar

## 1. Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1)

The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun.

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis. Í tilfalli IKEA afmarkast umfang 1 við losun frá ökutækjum vegna eldsneytisnotkunar.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðisæðju IKEA. Sú losun, sem talin er fram í uppgjöri þessu, er losun vegna millilandaflugferða starfsfólks, sorphirðu frá starfsstöðvum fyrirtækisins, vöruflutnings innanlands og vöruflutnings á milli landa vegna starfsemi IKEA.

Greint er frá losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO<sub>2</sub> ígildum (tCO<sub>2</sub>i). Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda (tCO<sub>2</sub>e). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthýnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað. Til að mynda jafngildir metan (CH<sub>4</sub>) u.þ.b. 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð (N<sub>2</sub>O) u.þ.b. 298 koltvísýringsígildum.

## 2. Nettó kolefnislosun

Nettó kolefnislosun starfsemi sýnir nettó losun fyrirtækis með teknu tilliti til aðgerða til kolefnisjöfnunar.

## 3. Losunarkræfni (E2)

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu; umfangi 1, umfangi 2 með markaðsaðgerðum og umfangi 3 (flugferðir starfsmanna, sorphirða og vöruflutningur innanlands og milli landa). Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO<sub>2</sub>í á hvern rekstrarþátt. (Dæmi: tCO<sub>2</sub>í á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

## 4. Bein og óbein orkunotkun (E3)

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á bifreiðar og vinnutæki (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílóvattstundum (kWst).

## 5. Orkukræfni (E4)

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.



## Athugasemd

[1] Fyrir umhverfisuppgjör IKEA 2020, var uppgjörstímabili breytt frá því að vera frá 1. janúar til 31. desember, í 1. september til 31. ágúst. Þessi breyting var gerð til þess að uppgjörstímabil umhverfisuppgjörs sé í samræmi við viðskiptaár IKEA.

[2] Losun vegna rafmagnsnotkunar af landsneti (location-based) í umfangi 2 er reiknuð með losunarstuðlum úr National Inventory Report, sem gefin er út af Umhverfisstofnun. Stuðlarnir endurspeglu heildarraforkuframleiðslu á Íslandi, á tilteknu tímabili.

[3] Rafmagnsnotkun IKEA árin 2018 til 2019 var 100% orka frá jarðvarma. Útreikningar á losun vegna rafmagnsnotkunar er byggður á meðallosun vegna framleiðslu raforku frá jarðvarma, 28,8 gCO<sub>2</sub>i/kwh.